

<i>Fundarboðandi:</i>	Starfsmaður f.h. formanns	<i>Fundarstaður:</i>	Fjarfundur
<i>Fundarstjóri:</i>	Sigríður Björnsdóttir	<i>Dagsetning:</i>	24.11.2021
<i>Fundarritari:</i>	Sigurjón Njarðarson	<i>Fundartími:</i>	13:00-15:00

*Pátttakendur:* Sigríður Björnsdóttir (Staðgengill yfirdýralæknis, Sérfræðimat á dýratilraunum), Katrín Andrésdóttir (f.h. Dýralæknafélags Íslands), Henry Alexander Henrysson (f.h. Siðfræðistofnunar HÍ), Hallgerður Hauksdóttir (f.h. Dýraverndunarsambands Íslands. og Baldur Helgi Benjamínsson (f.h. Bændasamtaka Íslands)

## Dagskrá

1. Umsóknir um dýratilraunir
2. Blóðmerar á Íslandi - Ályktun Fagráðs um velferð dýra í kjölfar fréttar af heimildarmynd alþjóðlegu dýraverndarsamtakanna Animal Welfare Foundation/Tierschutzbund Zürich (AWF/TSB) um blóðtöku fylfullra hryssa á Íslandi
3. Önnur mál

## Umræða

### 1. Umsagnir um umsóknir til dýratilrauna.

- a) Áhrif Histone Deacetylase (HDAC) Hindra á sáragræðingu og örvefsmýndun
  - Fagráð veitir jákvæða umsögn.
- b) Næmnisprófanir á laksa og fiskilús gegn emamectin benzoate (Slice)
  - Umsókn ekki tæk til efnislegrar umfjöllunar.

### 2. Blóðmerar á Íslandi - Ályktun Fagráðs um velferð dýra í kjölfar fréttar af heimildarmynd alþjóðlegu dýraverndarsamtakanna Animal Welfare Foundation/Tierschutzbund Zürich (AWF/TSB) um blóðtöku fylfullra hryssa á Íslandi

- Formaður Fagráðs og fundarritari viku af fundi í umfjöllun um þetta mál.

### Ályktun

Fagráð um velferð dýra skoðar mál fyrst og fremst út frá velferð þeirra dýra sem til umfjöllunar eru. Siðferðileg álitamál um að halda fylfullar hryssur til blóðtöku eða nýtingar afurða hafa ekki verið rædd á vettvangi ráðsins. Áður hefur verið fjallað um velferð hryssanna sjálfra og hvernig Matvælastofnun tryggir eftirlit með velferðinni. Fagráðið fékk þær upplýsingar að eftirlit væri með ágætum og að stofnunin hafi í gegnum árin stigið stór skref í þá átt að hafa betri yfirsýn yfir starfsemina.

Skipulag eftirlitsins hefur annars vegar byggt á auknu eftirliti miðað við annan búskap af hálfu Matvælastofnunar og hins vegar eigin innra eftirliti Ísteka sem ræður dýralækni til að fylgjast með og leiðbeina um meðferð og velferð hryssanna. Eins og kemur fram í mynd alþjóðlegu dýraverndarsamtakanna AWF/TSB þá hefur það eftirlit sem komið hefur verið á fót ekki dugað til.

Fagráðið telur brýnt að blóðtaka úr hryssum verði gerð leyfis skyld og skilyrði Mast fyrir blóðtöku verði endurskoðuð. Sömuleiðis að tekið verði upp eftirlit af hálfu stjórnvalda sem dugir til að tryggja að dýrin þurfi ekki að upplifa aðfarir eins og þær sem sáust í heimildarmyndinni. Jafnframt beinir ráðið til ráðherra að athuga hvort setja ætti sérstaka reglugerð um þessa starfsemi vegna sérstöðu hennar miðað við annað hrossahald.

Fagráðið leggur því til að Ísteka taki upp myndefni af blóðtökunni sem og meðferð hryssanna í leiðingu að og frá tókubási eða öðru aðhaldi vegna blóðtökunnar. Þá leggur fagráðið til að fyrirtækið geri þessar upptökur aðgengilegar fyrir Matvælastofnun.

Að lokum beinir fagraðið því til stjórnvalda að sett verði almenn heimild í lög um velferð dýra til að eftirlit geti farið fram með myndbandsupptökum ef áhættumat vegna velferðar dýra kallar á nákvæmt eftirlit með starfseminni.

### **3. Önnur mál**

Fleira ekki tekið fyrir, fundi slitið kl. 15:00.